

Blái skjöldurinn

– samstarf um verndun menningarverðmæta



Njörður Sigurðsson er með M.A. próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann starfar sem sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands ásamt því að sinna stundakennslu í skjalfræði við sagnfræði- og heimspekideild HÍ.

Dann 24. október 2014, á degi Sameinuðu þjóðanna, var landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi stofnuð. Stofnfundurinn fór fram í Þjóðminjasafni Íslands og kom þar saman fjölmennur hópur fólks sem starfar að varðveislu menningarminja ásamt fulltrúum Almannavarna, Landsbjargar, Rauða krossins og ráðuneyta.

Hvað er Blái skjöldurinn?

Blái skjöldurinn er menningunni það sem Rauði krossinn er mannúðar- og hjálparstarfi. Markmið hans að vernda menningarverðmæti þegar hættuástand skapast vegna náttúruhamfara og átaka m.a. með áætlunum og viðbrögðum þegar vá steðjar að og stuðningi þegar hættuástandi lýkur. Landsnefndum Bláa skjaldarins hefur verið komið á fót um allan heim og þær hafa víða unnið mikilvægt starf við verndun menningarverðmæta. Íslendingar þekkja vel afl náttúrunnar og þær hamfarir sem geta orðið af hennar sökum á mannlegt samfélag.

Alþjóðasamtök Bláa skjaldarins – International Committee of the Blue Shield – voru stofnuð árið 1996 til að vinna að verndun menningararfs sem er í hættu vegna náttúruhamfara og stríðsátaka. Markmið Bláa skjaldarins er að vinna að verndun menningararfs heimsins með því að samhæfa viðbragðsáætlanir þar sem hættuástand verður. Grundvöllur í starfi Alþjóðanefndar Bláa Skjaldarins er Haag-sáttmálinn frá 1954. Alþjóðanefnd Bláa skjaldarins hefur aðsetur í París en landsnefndir starfa víða um heim.

Nafnið Blái skjöldurinn vísar til bláa litarins í merki því sem menningarminjar, sem njóta verndar samkvæmt Haag-sáttmálanum, eru auðkenndar með. Blái skjöldurinn er UNESCO og öðrum alþjóðlegum samtökum til ráðgjafar og innan vébanda hans eru sérfræðingar með fjölbreytta þekkingu á sviði varðveislu menningararfs. Það gerir samtökunum kleift að safna og deila upplýsingum um ógn við menningarminjar um allan heim og vera til ráðgjafar um viðeigandi ráðstafanir þar sem verða vopnuð átök eða náttúruhamfarir og senda sérfræðinga á vettvang.

Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi

Aðild að Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi eiga félög og fulltrúar sem eru aðilar að alþjóðasamtökum safna, menningarminjastaða, bókasafna og skjalasafna. Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi er því samvinnuverkefni Íslandsdeildar ICOM – *International Council of Museums*, Íslensku ICOMOS nefndarinnar – *International Council on Monuments and Sites*, viðurkenndra fulltrúa Alþjóðaskjalaráðsins á Ís-

landi *ICA: International Council on Archives* og viðurkenndra fulltrúa Alþjóðasamtaka bókasafna á Íslandi – *IFLA: International Federation of Library Associations*. Framangreindir fjórir aðildarfélagar eru aðilar að Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi á jafnréttisgrundvelli. Í nefndinni sitja fjórir fulltrúar og fjórir eru skipaðir til vara af aðildafélögum. Ný landsnefnd var skipuð í byrjun árs og tók hún við störfum 15. febrúar 2017. Nýja landsnefnd skipa Karen Sigurkarsdóttir fyrir hönd viðurkenndra fulltrúa Alþjóðaskjalaráðsins á Íslandi, Jóna Kristín Ámundadóttir fyrir hönd Alþjóðasamtaka bókasafna á Íslandi, María Karen Sigurðardóttir fyrir hönd Íslensku ICOMOS nefndarinnar og Nathalie Jacqueminet fyrir hönd Íslandsdeildar ICOM og er hún nýr formaður nefndarinnar.

Störf nefndarinnar

Markmiðið með stofnun nefndarinnar er meðal annars að auka fagþekkingu þeirra sem starfa á menningarsöfnum um vernd menningararfsins með tilliti til þeirrar vár sem kann að steðja að honum. Má þar nefna til dæmis viðbrögð við náttúruvá, svo sem jarðskjálftum og öskufalli vegna eldgosa, sem við höfum upplifað á síðustu árum. Í þessu tilliti skiptir einnig miklu að huga að fyrirbyggjandi vernd menningarminja, svo sem á jarðskjálftasvæðum. Þá er það einnig verkefni nefndarinnar að beita sér fyrir að unnið verði fræðsluefni, koma upp vefsíðu, standa fyrir námskeiðum og vinna viðbragðsáætlanir um hvernig skuli haga björgunarstarfi þegar vá ber að hendi.



Skrifað undir stofnsamþykkt landsnefndar Bláa skjaldarins á Íslandi 24. október 2014.



Menningarminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt Haag-sáttmálanum eru auðkenndar með Bláa skildinum. Þessi ljósmynd er af merkingu á basilíku Konstantínusar í Trier í Þýskalandi sem höfundur skoðaði fyrir tveimur árum.

Mikilvægt verkefni nefndarinnar er jafnframt að vinna að og þrýsta á stjórnvöld að fullgilda Haag-sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1954 um vernd menningarlegra verðmæta þegar átök eiga sér stað. Nú þegar hafa alls 127 af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna fullgilt sáttmálann. Ísland er ekki meðal þessara 127 ríkja. Nefndarmenn hafa meðal annars kynnt Haag-sáttmálann og starf Bláa skjaldarins á fundi hjá landsnefnd um mannúðarrétt til að koma málinu áfram. Fullgilding sáttmálans hér á landi myndi þýða að styrkari stoðum yrði skotið undir vernd menningarverðmæta en með fullgildingu hans skuldbinda stjórnvöld sig til að virða eigin menningararf og annarra. Aðildarríki að sáttmálanum skuldbinda sig jafnframt til að gera ráðstafanir um vernd menningarverðmæta á friðartímum. Nú er unnið að þýðingu sáttmálans í Stjórnarráði Íslands og mun hann vonandi verða fullgildur á næstu misserum.

Unnið að tveimur verkefnum

Nefndin hefur sótt um og hlotið styrki til að vinna að tveimur verkefnum. Annars vegar fékkst styrkur til að vinna fræðsluefni um viðbrögð við og fyrirbyggjandi vernd við náttúruvá og koma á fót vefsíðu Bláa skjaldarins til að gera fræðsluefnið aðgengilegt.

Hins vegar fékkst styrkur til að vinna tilraunaverkefni í Norðurþingi. Verkefnið er unnið í samvinnu við NKF-IS - Félag norrænna forvarða – Íslandsdeild, Menningamiðstöð Þingeyinga, Bókasafnið á Húsavík og Hvalasafnið á Húsavík. Tilgangur verkefnisins er að koma á fót viðbragðs-
teymi sérfræðinga og vinna viðbragðsáætlun vegna menningarminja í sveitarfélaginu Norðurþingi sem stafar hættu af náttúruvá eða vá af mannavöldum. Liður í þeirri vinnu er



Jarðskjálfti upp á 7,0 reið yfir Haítí árið 2010 með þeim afleiðingum að tugir þúsunda íbúa fórust og mikil eyðilegging varð á mannvirkjum. Í kjölfarið kölluðu Alþjóðasamtök Bláa skjaldarins eftir sjálfboðaliðum til að hjálpa við að bjarga menningarverðmætum og urðu margir við kallinu. Myndin er af vef Haiti Cultural Recovery Project og sýnir björgun málverks úr rústum á Haítí. Á myndinni er tilvitnun í Olsen Jean Julien, fyrrum menningarmálaráðherra landsins, um björgun menningarverðmæta.

öflun heimilda og gerð fræðsluefnis um viðbragðsáætlanir sem birt verður á vef Bláa skjaldarins. Hluti verkefnisins er að koma á samstarfi og mynda tengslanet við almannavarnir og björgunaraðila í héraði um hvernig skuli haga björgunarstarfi með tilliti til menningarverðmæta ef hættuástand skapast. Hér er um tilraunaverkefni að ræða og sem slíkt mun það veita dýrmæta þekkingu og reynslu og nýtast sem grunnur fyrir frekari starfsemi Landsnefndar Bláa skjaldarins á landsvísu og samvinnu félaganna sem standa að baki landsnefndinni.

Tveir starfshópar sem skipaðir hafa verið af landsnefnd Bláa skjaldarins vinna nú að verkefnunum tveimur og er stefnt að því að verkefnunum ljúki á næsta ári.



Íslenskum menningarverðmætum getur staðið hættu af náttúruvá. Ólafur Ásgeirsson, fyrrum þjóðskjalavörður kannar skemmdir í Hér-
aðsskjalasafni Árnesinga á Selfossi eftir Suðurlands skjálftan 2008.